

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 22. október 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-24/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 14. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á dyrasímasetti, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi gerir kröfur á hendur seljanda sem telja verður aðallega kröfu um úrbætur eða nýja afhendingu og skaðabætur en til vara riftun og skaðabætur.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 15. mars sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 25. mars. Með bréfi, dags. 27. mars, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 30. mars. Fyrir handvömm var seljanda ekki gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum fyrr en með bréfi dags. 22. júlí og bárust andsvörin hinn 25. júlí. Með bréfi, dags. 15. ágúst, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera frekari athugasemdir og fékk frest til þess til 29. ágúst. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 15. október, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 15. maí 2012 keypti álitsbeiðandi dyrasímasett af gerðinni bRed af seljanda fyrir kr. 13.557. Segist álitsbeiðandi hafa fengið nafngreindan rafvirkja til að setja upp dyrasímasettið, en seljandi mælti með rafvirkjanum í verkið. Hinn 12. september 2012 kom rafvirkinn heim til álitsbeiðanda og gerði tilraun til þess að setja upp dyrasímasettið. Að sögn álitsbeiðanda gekk það verk erfiðlega og sá rafvirkinn að dyrasímasettið var notað, þ.e. að vírar stóðu út úr tækinu og að það hafði greinilega verið átt við það áður. Þá voru tengingar innan í dyrasímasettinu ekki í samræmi við leiðbeiningar á umbúðum settsins.

Kveðst álitsbeiðandi hafa sagt framkvæmdastjóra seljanda og fleirum frá ástandi dyrasímasettsins. Vildi seljandi reyna að laga dyrasímasettið og mun það hafa tekist að hluta, en segir álitsbeiðandi að allt ferlið við að láta lagfæra símasettið hafi tekið mikinn tíma og verk sem hefði átt í mesta lagi að taka þrjá tíma hafi á endanum tekið ellefu tíma að frátöldum akstri rafvirkjans og eigin ferðum álitsbeiðanda.

Að auki sé dyrasímasettið ekki ætlað raðhúsum eins og því sem álitsbeiðandi býr í, heldur fjölbýlishúsum, en það sé hins vegar ekki í samræmi við þær upplýsingar sem starfsmaður seljanda gaf við kaupin á símasettinu. Segir álitsbeiðandi að þetta lýsi sér í því að þegar bjöllunni á dyrasímasettinu sé hringt, þá hringi hún hátt og skært í sex skipti, í alls 22 sekúndur, en ekki í eitt skipti, eins og eðlilegt sé.

Kveðst álitsbeiðandi hafa sent framkvæmdastjóra seljanda nákvæma útlistun á málinu en ekki fengið nein svör frá seljanda. Þá segist álitsbeiðandi hafa greitt rafvirkjanum að hluta til fyrir sína vinnu, en ekki hafi verið gefinn út endanlegur reikningur fyrir verkinu þar sem beðið hafi verið eftir svörum og viðbrögðum frá seljanda.

Álitsbeiðandi gerir þá kröfu aðallega að seljandi framkvæmi úrbætur á dyrasímasettinu og greiði þar að auki skaðabætur vegna þeirrar vinnu sem rafvirki þurfti að vinna aukalega vegna galla á dyrasímasettinu. Til vara krefst álitsbeiðandi þess að kaupunum á dyrasímasettinu verði rift auk þess sem seljandi greiði skaðabætur vegna kostnaðar við að taka niður dyrasímasettið og kostnaðar við vinnu rafvirkja.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er kvittun fyrir kaupum á dyrasímasettinu, dags. 15. maí 2012, myndir af dyrasímasettinu og yfirlit yfir tímaröð atvika.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum, rituðum af verkefnastjóra seljanda, kemur fram að rétt sé að álitsbeiðandi hafi keypt dyrasímasett af seljanda í maí 2012. Hins vegar sé það ekki rétt að seljandi hafi mælt með ákveðnum rafvirkja til uppsetningar á símasettinu. Þá hafnar seljandi því að dyrasímasettið sé frekar ætlað til notkunar í blokk en í raðhúsi. Umrætt dyrasímasett sé einmitt ætlað fyrir minni íbúðir og auðvelt sé að bæta 1-3 tækjum við það þannig að það hentar í raun vel fyrir rað- og parhús.

Þá segir seljandi að tengingarnar í umræddum dyrasímum séu eins og tengimyndin á umbúðum sýni. Hafi framkvæmdastjóri seljanda hitt álitsbeiðanda í versluninni þar sem álitsbeiðandi hélt því fram að svo væri ekki og þess vegna hefði rafvirkjanum ekki tekist að fá dyrasímasettið til að virka. Segir seljandi að í kjölfar þessa hafi verið tekið við dyrasímasettinu í verslun seljanda og það tengt samkvæmt leiðbeiningum á umbúðum. Hafi símasettið virkað eins og það átti að gera. Hafi símasettinu í kjölfarið verið komið aftur til seljanda með þeim skilaboðum að tækið væri í lagi. Í kjölfarið hafi álitsbeiðandi látið setja upp tækið og það virkað. Segir seljandi að af sinni hálfu hafi málinu lokið þar með.

Eftir þetta hafi framkvæmdastjóri seljanda hins vegar farið að fá tölvupósta frá álitsbeiðanda þar sem hann gerði kröfur um bætur. Að mati seljanda hafi engar forsendur verið fyrir því að greiða slíkar bætur. Þá segir seljandi að það sé nýjung að hringingin í tækinu sé vandamál og telur að sú krafa sé frekar til komin til að finna fleiri annmarka á vörunni.

Að lokum hafnar seljandi öllum kröfum álitsbeiðanda.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda er fyrst sett fram spurning um hvort seljandi efist um hæfni rafvirkja þess sem fenginn var til að setja upp dyrasímasettið. Þá er ítrekað að samkvæmt rafvirkjanum hafi dyrasímasettið verið notað og teikningar á umbúðum ekki verið í samræmi við símasettið. Því hafi kostnaður við uppsetningu orðið hærri en ef símasettið hefði verið í lagi.

Álitsbeiðandi rekur næst að umrætt dyrasímasett sé ekki hentugt fyrir tveggja hæða raðhús með vísan til þess að hringitónn og –tíðni henti sér ekki. Að lokum ítrekar álitsbeiðandi að hann hafi keypt vöru sem hafi reynst gölluð og að sá galli hafi haft í för með sér hærri kostnað við uppsetningu vörunnar en ella. Eins hafi seljandi ekki gert honum grein fyrir því hvernig hringitónn tækisins væri og að hann hafi búist við einfaldri hringingu en ekki sex skærum og óstillanlegum hringingum.

VI

Frekari andsvör seljanda

Í frekari andsvörum seljanda er tekið fram að ekki sé efast um hæfi, reynslu eða menntun rafvirkja þess sem sá um uppsetningu á dyrasímasetti álitsbeiðanda. Hins vegar hafi seljandi ekki mælt með rafvirkjanum. Þá hafnar seljandi því að dyrasímasettið hafi verið notað, teikningar ekki passað, eða starfsmenn sínir breytt tækinu. Eins hafnar seljandi því að

dyrasímasettið henti ekki til notkunar í rað- eða parhúsum. Að lokum tekur seljandi fram að tækið hafi verið yfirfarið af starfsmönnum sínum og það virkað. Ítrekar seljandi að hann hafni öllum kröfum álitsbeiðanda.

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Hér hagar svo til að álitsbeiðandi telur að galli sé á dyrasímasetti sem hann keypti af seljanda hinn 15. maí 2012 og að gallinn hafi valdið honum tjóni, sem felist í auknum kostnaði við uppsetningu á dyrasímasettinu. Eins telur álitsbeiðandi að dyrasímasettið henti ekki í þá stærð af íbúð sem hann býr í vegna þeirra hljóða sem tækið gefur frá sér. Seljandi hefur hafnað öllum kröfum álitsbeiðanda og telur að tækið virki sem skyldi. Engin gögn hafa verið lögð fram af hvorugum aðilanum sem geta varpað frekara ljósi á ástand dyrasímasettsins, utan fullyrðingar beggja aðila.

Samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar, sem eiga einnig við þegar um kaup fer eftir neytendakaupalögum, ber þeim sem gerir kröfur vegna meints galla að sanna tilvist hans, þ.e. hver hann er og hvers eðlis, þannig að hægt sé að taka afstöðu til þess hvort úrbótaréttur af einhverju tagi sé fyrir hendi. Sé svo myndi sá kostnaður sem fylgir skoðun á gallanum eiga að greiðast af þeim sem skylt kynni að vera að bæta úr gallanum en að öðrum kosti yrði sá sem krefst úrbóta að bera þann kostnað sjálfur. Í því tilviki sem hér um ræðir er það álit kærunefndarinnar að álitsbeiðanda beri að láta fagmann hvort dyrasímasettið sé haldið galla og meta eftir füngum af hverju gallinn kunni að stafa. Kærunefndin álitur því að fyrir en þessar upplýsingar liggja fyrir geti hún ekki gefið álit á ágreiningi aðila. Kærunefndin telur því að hún verði að vísa frá kröfu álitsbeiðanda eins og hún liggur fyrir samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Kærunefndin bendir á að álitsbeiðandi myndi geta beðið kærunefndina að nýju um álit á ágreiningi aðila þegar nægjanlegar upplýsingar um gallann liggja fyrir.

VIII

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir